

Til hægri: Gugga og verkfærið. Ætímynd eftir Kjartan Ólason. Fall-ega unnin mynd — en virðist full greinilega sótt í smíðju til annars listamanns, sem Lesendur Lesbókar þekkja vel.

Til vinstri: Ein af myndum Braga Ásgeirssonar á sýningu hans í Norræna húsinu. Að neðan: Frá grafíksýningunni; akvatinta eftir Richard Valtingojer Jóhannsson.



Eftir myndlistarvertíðina

heldur minna spurnið í vatnslitamyndir en þær, sem unnar voru í olíulit. Ekki þarf þó að kenna lélegri arfleifð um þetta viðhorf og nægir að benda á sumar teikningar Kjartans og vatnslitamyndir Ásgríms. Að mínu mati er gerður alltof mikill verðmunur á myndverkum eftir því, hverskonar liti, eða hverskonar efni listamaðurinn kaus að nota.

Góð vatnslitamynd kynni að kosta 80 þúsund krónur, en mynd unnin í olíulit eftir sama mann gæti ef til vill kostað þrefalt meira án þess að nokkrar líkur séu á, að þar sé betra listaverk á ferðinni. Í annan stað gætir þess um of, að verðlagning fari að því er virðist einvörðungu eftir stærð. Vestmannaeyingurinn Guðni Hermannsen er eina undantekningin, sem ég man eftir í svipinn. Sumar dýrustu myndirnar á sýningu hans að Kjartansstöðum í fyrrahaust voru einmitt frekar litlar. Í þessu sambandi mætti minna á, að margar dýrustu og eftirsóknarverðustu myndir listsögunnar eru fremur litlar; þar á meðal allar þær fáu myndir, sem varðveittar eru eftir Vermeer og snildarverk Rembrandts eru sum næsta lítil.

Verðlagning er einlægt það, sem stendur í mönnum að ákveða og flestir sýnendur skjóta henni á frest unz enginn frestur er eftir. Þá er stærðin látin ráða: Hálfur fermeter kostar 100 þúsund, heill kostar hann 200 þúsund og svo framvegis. Í þessu efni eins og öðrum taka menn mið hver af öðrum og hæpnar venjur geta skapast. Sem betur fer hefur ýmislegt sést í vetur og vor, sem minnisstætt getur talizt og skal hér hlapið á nokkrum atriðum:

Norræna vefjarsýningin


á Kjartansstöðum opnaði rækilega augu áhorfenda fyrir því, að vefnaður og hverskonar notkun á textíl er fullgilt efni í myndlist. Að minnsta kosti hef ég ekki fyrr gert mér ljóst, hvað textílkunst er víðfeðm. Kannski hentar hún yfirleitt betur til abstrakt útfærslu, en aungvu að síður hægt að vinna á hlutlægan hátt eins og dæmin sönnuðu. Margbreytileiki efniviðarins er í ætt við náttúruna sjálfa, allt frá grófasta hrosshári til silkis.

Hringur Jóhannesson

hefur verið vaxandi málari frá því er hann byrjaði að sýna og sem stendur skipar hann nokkuð sérstakan bás. Hann vinnur í anda nýraunsæisstefnunnar, sem komið hefur í kjölfar popplistarinnar úti í heimi. Innan þeirrar stefnu rúmast þó töluverð breidd, allt frá ljósmyndaáferð eða „hyperrealisma“ til aðeins grófar og stílfærðara raunsæis, líkt og séð verður hjá Hring. Nýja raunsæið er ekki hvað sízt fólgið í að sjá hlutina og umhverfið frá nýjum sjónarhornum og nú verður það myndefni, sem hefði þótt næsta fjarstæðukennt fyrir svo sem tveimur áratugum. Hjá erlendum ný-realistum er umhverfi borgarinnar oftast viðfangsefnið, en Hringur sækir sínar fyrirmyndir í Íslenzka sveit; gjarnan norður í Aðaldal. Hann sér myndefni í sólarglætu, sem fellur inn um þakglugga á hlöðu; í þotu, sem klýfur heiðan himinn yfir grænni húsarúst, — eða landinu séðu úr glugga þotunnar. Sýning Hringis var mjög ánægjulegur listviðburður.

Baltasar

sýndi á Kjartansstöðum í mars og voru liðin rétt þrjú ár frá síðustu sýningu hans þar. Í þetta sinn komu að minnsta kosti fimm þúsund manns á sýningu Baltasars og gefur það vissulega hugmynd um vinsældir hans. Í teikningu er Baltasar „virtuos“ eins og lesendur Lesbókar ættu að þekkja og tækni hans við olíumálverk er mikil. Í þetta sinn sýndi Baltasar miklu lausmálaðri myndir en áður og litaskalinn var bæði ljósari og hástemmdari. Margir létu í ljós nokkur vonbrigði og töldu, að listamaðurinn hefði ekki gefið sér nægilegan tíma. En það er nú einu sinni svo þegar leitað er að nýrri fótfestu, að þá er við búið að eitthvað mistakist. En eru ekki dálítil mistök endrum og sinnum betri en kyrrstaða? Vissulega hefði verið ákjósanlegt að öll verkin hefðu jafnast á við portrettin, sem báru af hvað vinnubrögð áhrærir. Í þeirri grein þýðir tæpast neinum hælendum málara að etja kappi við Baltasar og hann hefur átt mikinn



þátt í að hefja portrettmálverkið til þess vegs og virðingar, sem því ber.

Haukur Dór Sturluson

hefur svo að segja einbeitt orku sinni að keramik og náð markverðum árangri þar. Hann fór þó á sínum tíma utan til Edinborgar með það fyrir augum að nema myndlist og hefur á seinni árum gert myndlistina að gildar. Þætti í starfi sínu. Sýning Hauks Dórs á Kjartansstöðum bar með sér staðfastan vilja hans til alvarlegrar myndsköpunar, þar sem engin mála- miðlun við stofulist og smekk góðborgara kemur til greina. Þetta er heiðarleg og aðdáunarverð afstaða; einskona lúxus, sem þeir einir geta veitt sér er byggja afkomu sína á einhverju öðru. Það var hressilegt og karlmannlegt tak í myndum Hauks Dórs, en notkun hans á gleri yfir olíumyndir virtist mér vafasöm og drap alveg niður áhrifin af þykkri áferð litarins í sumum myndunum.

Þorbjörg Höskuldsdóttir

sýndi um leið og Haukur Dór að Kjartansstöðum og var sú sýning hin athyglisverðasta. Eins og fram kom þar er Þorbjörg afbragðs teiknari og notfærir sér þann styrkleika með réttu. Hún hefur haslað sér völl í súrrealískum farvegi, sem gefur henni verulegt svigrúm — jafnvel til að koma skoðunum á framfæri. Athyglisverðar voru frumgerðir myndanna en því miður tókst ekki alltaf að ná sömu áhrifum í hinni máluðu

útfærslu. Í lit hættir Þorbjörg sér ekki út í nein vafasöm ævintýri, en allt um það hefur hún náð því eftirsóknarverða marki að ávinna sér persónuleg einkenni í myndum sínum, sem eru auðþekkt.

Gunnlaugur Stefán Gíslason

sýndi í Norræna húsinu í apríl og var þetta fyrsta sýning frá hans hendi. Vakti þessi sýning verðskuld- aða athygli og var mál manna, að svo jafngóð vinnubrögð væru næsta fátíð ef ekki óþekkt hér á fyrstu sýningu. Hins ber þó að geta, að Gunnlaugur Stefán er enginn byrjandi þótt dregizt hafi á langinn að koma upp sýningu.

Gunnlaugur Stefán hefur kosið að einbeita sér að vatnslitum og er búinn að ná góðu valdi á þeirri vandasömu tækni. Hann skipar sér undir merki nýrealismans og fer út í nákvæmni í útfærslu, sem ég man ekki eftir að hafi sézt hér áður. Hitt er svo annað mál, að hægt er að ganga ennþá lengra í því efni eins og hægt væri að sanna með dæmum. Myndefnið og sjálf útfærslan minnir óneitanlega á þann frábæra realista Andrew Wieth, en ekkert er athugasvert við það. Allir verða fyrir áhrifum sem ekki eru steingeldir og það er sannarlega hægt að velja sér lakari lærifeður en Andrew Wieth. Gunnlaugur Stefán hefur þó valið sér nokkuð aðra lita- notkun en þessi frægi Bandaríkja- maður og nær á þann hátt að höndla þá tæru birtu, sem svo mjög einkennir Ísland og önnur norðlæg lönd.